

Grímsey, 27. nóvember 2019

34. fundur hverfisráðs Grímseyjar haldinn í Múla, Grímsey

Mættir:

Jóhannes Gísli Henningsson formaður

Karen Nótt Halldórsdóttir ritari

Guðrún Inga Hannesdóttir

Fundur hófst kl. 17:00

Rætt var um peninginn sem eyjan á til framkvæmda og hættuna á að hann dagaði uppi. Ákveðið var að gera skoðanakönnun meðal íbúa um möguleg verkefni. Skoðanakönnunin kom út á eftirfarandi hátt:

Verkefni	Atkvæði
<input type="checkbox"/> Klæða ruslasvæðið af með myndum eða einfaldlega timbri. <small>Added by you</small>	+18
<input type="checkbox"/> Endurnýja upplýsingaskiltin á Kriútúninu og við flugvöllinn. Teikna nýtt kort og með réttum upplýsingum. <small>Added by you</small>	+14
<input type="checkbox"/> Græja smá líkamsræktarstöð <small>Added by</small>	+8
<input type="checkbox"/> Setja fallegt verk á eyjuna á milli raðhúsanna og Fiskepallsins. Ég sé fyrir mér eyjuna úr tré eða járn á hlið. <small>Added by you</small>	+3

Vonumst við til að hægt sé að ganga í verkefnin og þótt þeim verði mögulega ekki lokið fyrir áramót þá yrðu þau komin af stað.

Greinilegt er (einnig miðað við fyrri fundargerðir) að eyjarbúum er mikið um að ruslasvæðið sé betur hulið. Eins og staðan er í dag er ruslasvæðið inn um járngrindur það fyrsta sem blasir við farþegum ferjunnar.

Eins myndum við vilja að rusl yrði flutt tíðar, oft kemur fyrir að allir gámar eru fullir.

Fundi slitið 18:00